

**FRAMKVÆMDARTILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2016/11****2016/EES/27/33****frá 5. janúar 2016****um breytingu á II. viðauka við tilskipun ráðsins 2002/57/EB um markaðssetningu olíu- og  
trefjaplöntufræs (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2002/57/EB frá 13. júní 2002 um markaðssetningu olíu- og trefjaplöntufræs <sup>(1)</sup>, einkum 24. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í b-lið 2. liðar í I. þætti í II. viðauka við tilskipun 2002/57/EB er mælt fyrir um lágmarkshreinleika yrkis að því er varðar fræ af blendingum fódurrepju.
- 2) Nógildandi hreinleikastaðallinn 90%, sem gildir um blendingsyrki vorrepju og vetrarrepju, endurspeglar ekki lengur hina sértæku tæknilegu eiginleika eða takmarkanir í fræframleiðslu að því er varðar vorrepju.
- 3) Skilyrðin fyrir fræframleiðslu, sem kveðið er á um í tilskipun 2002/57/EB, byggjast á alþjóðlega viðurkenndum stöðlum í kerfum Efnahags- og framfarastofnunarinnar um fræ.
- 4) Laga ætti hreinleikastaðal yrkis að því er varðar fræ vorrepju að staðlinum sem Efnahags- og framfarastofnunin setur.
- 5) Breyta ætti II. viðauka við tilskipun 2002/57/EB til samræmis við það.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*I. gr.***Breyting á II. viðauka við tilskipun 2002/57/EB**

Í stað b-liðar 2. liðar í I. þætti í II. viðauka við tilskipun 2002/57/EB komi eftirfarandi:

„b) Lágmarkshreinleiki hvers fræs skal vera a.m.k.:

— stofnfræ, kvenþáttur: 99,0%,

— stofnfræ, karlþáttur: 99,9%,

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 3, 6.1.2016, bls. 48. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 72/2016 frá 29. apríl 2016 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtið. EB L 193, 20.7.2002, bls. 74.

- vottað frá af yrkjum vetrarrepju: 90,0%,
- vottað frá af yrkjum vorrepju: 85,0%“.

2. gr.

#### Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. desember 2016. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 1. janúar 2017.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni texta helstu ákvæða í landslögum sem þau samþykkja á því sviði sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

#### Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

#### Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 5. janúar 2016.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

---